





Gistinóttum erlendra ferðamanna fjölgaði á þriðja ársfjórðungi

Fyrsta sinn að gistinóttum erlendra ferðamanna á hótélum fjölgar eftir brotthvarf WOW air.

Gistinóttum erlendra ferðamanna á hótélum á þriðja ársfjórðungi fjölgaði um 0,7% borið saman við sama tímabil í fyrra. Þessi fjölgun kemur í kjölfar fækkunar á fyrstu tveimur fjórðungum ársins en gistinóttum fjölgaði á fjórða ársfjórðungi síðasta árs þegar fjölgunin nam 3,7%. Fjölgunin nú á þriðja fjórðungi verður að teljast nokkur gleðitíðindi í ljósi þess að WOW air fór í þrot í lok mars, en félagið flutti mjög stóran hluta erlendra ferðamanna til og frá landinu. Fækkun gistinátta var 3,3% á fyrsta fjórðungi en 1,5% á öðrum fjórðungi. Fjölgunin nú skýrist fyrst og fremst af fjölgun gistinátta Vestur-Evrópuþjóða¹ utan Norðurlanda en framlag þeirra til vaxtarins nam 3,2%. Gistinóttum Vestur-Evrópubúa nú á þriðja ársfjórðungi fjölgaði í fyrsta sinn á árinu borið saman við sama tímabil í fyrra en þeim fækkaði á bæði fyrsta og öðrum ársfjórðungi. Fjölgunin nú á þriðja ársfjórðungi nam 9,2% en fækkunin lá á bilinu 1-1,8% á fyrstu tveimur fjórðungum ársins.

Gistinóttum Norðurlandabúa fjölgaði fyrstu 9 mánuði ársins

Framlag Norðurlanda var jákvætt um 1,2% á þriðja ársfjórðungi. Gistinóttum Norðurlandabúa fjölgaði um 18,5% á þriðja ársfjórðungi en þeim fjölgaði einnig á fyrstu tveimur fjórðungum ársins, um 19,3% á fyrsta ársfjórðungi og 14,4% á öðrum ársfjórðungi. Mikil fjölgun á fyrstu þremur ársfjórðungum hjá Norðurlöndunum skýrist fyrst og fremst af fjölgun gistinátta Dana. Þar á eftir koma áhrif Norðmanna en áhrif Finna eru einnig til staðar.



¹ Undir þennan lið falla Bretar, Írar, Þjóðverjar, Hollendingar, Belgar, Frakkar, Svisslendingar, Austurríkismenn, Ítalir, Spánverjar, Kýpverjar, Grikkir, Portúgalir, Maltverjar og Lúxemborgarar.



Mikil fækkun gistinátta Bandaríkjamanna og Kanadabúa

Framlag Norður-Ameríkubúa var neikvætt um 4,6% á þriðja ársfjórðungi en það var eina svæðið með neikvætt framlag. Framlagið var einnig verulega neikvætt á fyrsta og öðrum ársfjórðungi en í öllum tilfellum skýrist það af mikilli fækkun gistinátta Bandaríkjamanna og Kanadabúa milli ára. Fækkunin skýrist af því að vægi WOW air í flugi milli Íslands og Bandaríkjanna var mun meiri en í flugi milli Íslands og Evrópu. Brotthvarf WOW air hafði því meiri áhrif á flugframboð til og frá Bandaríkjunum en Evrópu. Fækkun gistinátta íbúa Norður-Ameríku liggur á bilinu 8,2-11,6% á fyrstu þremur fjórðungum ársins.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.